



Helstu verkefni sveitarstjóra í janúar og febrúar 2018

Þessa dagana erum við meðal annars að búa okkur undir útgáfu ársreiknings og allnokkuð hefur verið unnið í uppgjörinu þegar. Vonast ég til að hægt verði að leggja hann til fyrri umræðu í mars. DK bókahaldskerfið er orðið nokkuð þjálmt við okkur. Nokkrir vankantar voru á kerfinu til að byrja með en það hefur ræst úr þeim málum.

Framkvæmdir

Ekki er mikið framkvæmt þessa dagana. En árið 2018 verður er af líkum lætur mikið framkvæmdaár hvað varðar framkvæmdir á vegum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Vinna við gatnagerðina og lagnamálin liggur niðri eins og við er að búast í þessari veðráttu. Lögð verður áhersla á að rösklega verði farið í þau mál þegar veðráttu lagast. Gler í framhlið tengibyggingar í félagsheimilinu/leikskólanum í Brautarholti er að mestu ónýtt. Það virðast hafa verið handvammir við frágang. Það getur orðið nokkuð kostnaðarsamt að gera því nægjanleg skil. En ég hef fengið eitt tilboð sem mér finnst hátt, þetta verður skoðað betur á næstunni. Ef til þeirrar framkvæmdar kemur þarf líklega að gera viðauka við Fjárhagsáætlun. Nokkuð hefur verið lagfært í pípulögnum í leikskólanum. Nokkuð af gleri er ónýtt í Neslaug, hef ég keypt nýtt í það. Ekki eru veruleg útlát við það. Það er búið að teikna milliloft í nýja áhaldahús hreppsins. Ég mun fá tilboð í það innan skamms. Við þurfum að leggja fram viðauka ef farið verður í það á árinu.

Iðnaðarhúsnæðið sem Búnaðarfélagið stóð að því að byggja er nú að mestu tilbúið til notkunar. Slökkvistöðin var vígð fyrir skömmu. Bygging þessa húss er mikill og góður áfangi.

Skipulagsmál

Eins og kunnugt er var haldinn góður íbúafundur um skipulagsmálin í þéttbýliskjörnum. Mér finnst hægt að skynja að bærileg sátt sé um þau mál. Að auki fékk kynning Rauðkambis um verkefni í Þjórásárdal góða og jákvæða athygli á fundinum. Talsverður tími hefur farið í verkefni og fundi tengda þessum málum, það er að segja skipulagsmálum almennt og Rauðakambismálum.

Nónsteinslóðin og tilheyrandi er í auglýsingu. Ekki hefur komið komið fram bitastæður áhugi á henni enn sem komið er. Vonandi rætist úr því.

Starfsmannamál

Ég hef ráðið Stínu (Kolbrúnu Kristínu Daníelsdóttur) á ný sem kokk í 80 % starf til vorsins. Þegar ég frétti að hún væri laus og væri tilbúin til að koma í starf til okkar á ný frá 1. febrúar, tók ég því fegins hendi. Ég hef samið við Sigurlaugu að fara í 80 % starf frá sama tíma.

Úr skólanum er helst títt að Hafdís er farinn í leyfi vegna veikinda sonar síns um nokkurt skeið. Annað starfsfólk mun brúa bilið án ráðningar í hennar stað. Talvert hefur borið á veikindum starfsmanna það sem af er vetrar, en vonandi sér fyrir endann á því.

Starfsmenn Umhverfis og tækisviðs hafa sagt upp störfum hver á fætur öðrum. Börkur Brynjarsson verkfræðingur hefur látið af störfum einni hefur Eyþór Sigurðsson sagt upp störfum. Einnig hefur okkar ágæti skipulagsfulltrúi sagt starfi sínu lausu. Það er missir af öllum þessum mönnum. Ég vil ekki halla á neinn, en við höfum að mínu mati verið með afar góðan embættismann þar sem Pétur hefur verið. Vonandi tekst að fylla skörð þessara manna.



Sorpmál

Magn sorps hefur aukist til muna á síðustu árum. Því miður hefur sveitarfélagið þurft að gefa mikla fjármuni með þessum málaflokki. Endanlega tala í þeim efnum fyrir síðasta ár mun gefa það til kynna að sú tala verður því miður varla lægri en árið á undan. Þær breytingar sem ákveðnar hafa verið á gjalddöku fyrir sorphirðu og sorpeyðingu fyrir þetta ár vonumst við til að þýði að minna fari úr sameiginlegum sjóðum til þeirra mála. Nýja sjaldskráin mun verða staðfest af stjórnartíðindum innan skamms. Þá getum við farið að beita henni að fullu og er verið að prenta klippikort fyrir íbúana.

Annað

Þegar þetta er ritað höfum við Skafti átt samtál við fulltrúa Björgunarsveitarinnar um sölu til þeirra á hlut sveitarfélagsins í björgunarsveitarhúsinu. Við munum taka það mál til umræðu á fundinum 7 febrúar. Einnig áttum við fund með Elwiru í Breiðanesi. Hún hefur ásamt Sveini sambýlismanni áhuga á að kaupa land af sveitarfélaginu hér við Árnes. Við förum betur yfir það á næstunni.

Samráðsnefnd Landsvirkjunar og hreppsins hefur ekki enn verið kölluð saman. Það væri gott ef af af því yrði sem fyrst. Verkefni eru ærin.

Umhverfisstofnun hefur boðað okkur Skafta til fundar með Hrunamönnum um friðlýsingar Kerlingafjalla 15 febrúar nk. Áhugavert verður að sjá hvað útúr því kemur.

Íbúafundur um almannavarnir verður haldinn eins og kunnugt er 6 febrúar í Brautarholti. Það hefur að mínu mati verið unnið gott starf við gerð áætlunar um viðbrögð við samfélagslegum áföllum. Víðir Reynisson hefur leitt það verkefni. Ásamt okkur Skafta hafa komið að þessu verkefni aðrir stjórnendur sveitarfélagsins. Vonast ég eftir góðri þátttöku íbúa í fundinum.

Læt duga að sinni.

Góðar stundir.

Kristófer